

Viðbrögð við vá

Röskun á skólastarfi vegna óveðurs

Áætlun vegna röskunar á skólastarfi er gefin út af slökkviliði höfuðborgarsvæðisins (SHS) og fylgir Snælandsskóli þeirri áætlun auk fyrirmæla sem gefin eru út hverju sinni.

Við gular, appelsínugular og rauðar veðurviðvaranir eru settar inn upplýsingar til foreldra á heimasíðu skólans og facebook síðu skólans. Áætlun SHS má finna á vefsvæði [slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins](#).

Viðbrögð við náttúruvá

Áætlun um viðbrögð vegna náttúruvá s.s. jarðskjálfta, eldgos, eldinga o.fl. er gefin út af almannavörnum og fylgir Snælandsskóli þeirri áætlun. Hana má finna á [heimasíðu almannavarna](#).

Viðbragðsáætlun vegna veikindafaraldurs

Viðbragðsáætlun vegna heimsfaraldurs influensu miðar að því að lágmarka áhrif influensufaraldurs hér á landi með því að:

- Hindra (eða seinka eins og hægt er) að faraldur berist til landsins.
- Lágmarka smithættu og draga úr útbreiðslu faraldurs innanlands.
- Styrkja nauðsynlega starfsemi og treysta innviði samfélagsins.
- Beita samhæfðum vinnubrögðum og tryggja upplýsingaflæði til allra sem sinna nauðsynlegri starfsemi.
- Upplýsa almenning og veita nauðsynlega fræðslu.
- Lækna og líkna sjúkum.
- Efla vöktun og farsóttagreiningu.
- Sinna eftirliti á meðan faraldur gengur yfir.

Háskastig viðbragðsáætlana skilgreina alvarleika og umfang þeirrar hættu sem steðjar að. Í áætlunum WHO er gert ráð fyrir fjórum skeiðum, sem byggja á dreifingarhraða veirunnar og alvarleika sjúkdómsins sem hún veldur. Áætlunum almannavarna er skipt í þrjú stig (háskastig): Óvissustig, hættustig og neyðarstig og þessi stig hafa verið aðlöguð að skeiðum heimsfaraldra samkvæmt flokkun WHO. Ef WHO vekur athygli á nýjum veirustofni og telur ástæðu til aukinnar árvekni meðal þjóða heims, skal sóttvarnalæknir framkvæma áhættumat og meta hvort þörf sé á virkjun viðbragðsáætlunarinnar. Atburðarásin í heimsfaraldri getur verið mjög breytileg og sveigjanleiki við notkun viðbragðsáætlunarinnar er því nauðsynlegur.

Óvissustig – greining og undirbúningur – viðvörunarskeið skv. WHO

Óvissustig samsvarar viðvörunarskeiði (e. alert phase) samkvæmt flokkun WHO. Nýr stofn influensuveiru hefur greinst í mönnum og ástæða þykir til aukinnar árvekni og ítarlegs áhættumats. Sýking hefur ekki greinst hér á landi.

Viðbragðsáætlun Snælandsskóla vegna óvissustigs

- Starfsmönnum stendur til boða bólusetning á kostnað Kópavogsbæjar.
- Skólastjórn og ritari brýna handþvott fyrir starfsfólki og nemendum.
- Húsvörður sér til þess að farið er með spritt á hurðarhúna í kennslurýmum.
- Matráðar gæti fyllsta hreinlætis við meðhöndlun matvæla.

Hættustig – viðbúnaður vegna hættu – viðvörðunarskeið skv. WHO

Umtalsverðar hópsýkingar brjótast út hjá mönnum en þær eru enn staðbundnar. Veiran aðlagast mönnum í vaxandi mæli og umtalsverð hættu er á heimsfaraldri. Sýking hefur ekki verið staðfest

Viðbragðsáætlun Snælandsskóla vegna hættustigs

- Starfsmenn eru hvattir til að nýta bólusetningu sem þeim býðst á kostnað Kópavogsbæjar.
- Skólastjórnendur brýna handþvott fyrir starfsfólki og nemendum.
- Húsvörður sér til þess að farið er vikulega með spritt á hurðarhúna í kennslurýmum.
- Matráðar gæti fyllsta hreinlætis við meðhöndlun matvæla.
- Lögð er áhersla á að nemendur séu heima í a.m.k. tvo sólarhringa eftir veikindi.

Neyðarstig – viðbrögð við atburði – skeið heimsfaraldurs skv. WHO

Heimsfaraldri hefur verið lýst yfir eða nýr stofn influensuveirunnar hefur fundist í einum eða fleiri einstaklingum hérlendis. Vaxandi og viðvarandi útbreiðsla smits meðal manna.

Viðbragðsáætlun Snælandsskóla vegna neyðarstigs

- Starfsmenn eru hvattir til að nýta bólusetningu sem þeim býðst á kostnað Kópavogsbæjar.
- Skólastjórnendur og ritari brýna handþvott fyrir starfsfólki og nemendum til að lágmarka smithættu.
- Húsvörður sér til þess að farið sé daglega með spritt á hurðarhúna í kennslurýmum til að lágmarka smithættu.
- Matráðar gæti fyllsta hreinlætis við meðhöndlun matvæla og verji fersk matvæli með öllum ráðum.
- Lögð er áhersla á að nemendur séu heima í a.m.k. tvo sólarhringa eftir veikindi.
- Vegna mikilla veikinda starfsmanna getur komið til þess að kennsla falli niður í einstökum bekkjardeildum og árgöngum.
- Vegna mikilla veikinda starfsmanna og nemenda getur komið til þess að loka þurfi skólanum í sóttvarnskyni í samráði við Menntasvið Kópavogsbæjar og /eða samkvæmt fyrirmælum almannavarna, sóttvarnalæknis og ríkisstjórnar.

Virkjun

Sóttvarnalæknir ber ábyrgð á sóttvörnum og mælir fyrir um sóttvarnaráðstafanir undir yfirstjórn ráðherra. Samkvæmt 12. grein sóttvarnalaga getur ráðherra, að fenginni tillögu sóttvarnalæknis,

fyrirskipað skimun á landamærastöðvum, úrskurðað fólk í sóttkví/afkvíun þar á meðal heimasóttkví/heimaafkvíun, fyrirskipað samkomubann, afkvíun landsins í heild og innanlands í sóttvarnasvæði. Sóttvarnalæknir getur beitt slíkum vörnum til bráðabirgða án þess að leita heimildar fyrirfram en gera skal ráðherra jafnskjótt kunnar sínar ráðstafanir. Umdæmis- og svæðislæknar sóttvarna og sóttvarnalæknir skulu hafa samstarf um framkvæmd nauðsynlegra sóttvarna og njóta aðstoðar lögreglufirvalda ef þarf. Sóttvarnaráðstafanir geta verið þess eðlis að ólíklegt sé að til þeirra verði gripið án samráðs ráðherra í ríkisstjórn vegna þess að þær varða allt svið samfélagsins.

Þær eru:

- Fyrirmæli um samkomubann, lokun skóla og annarra samkomustaða.
- Fækkun landamærastöðva þar sem sett verður upp sóttvarnaskimun.
- Afkvíun alls landsins með lokun landamæra.
- Afkvíun landshluta með lokun á milli sóttvarnaumdæma.
- Ákvörðun um að aflétta ofangreindum ráðstöfunum.

Sóttvarnalæknir ber ábyrgð á virkjun áætlunarinnar að höfðu samráði við almannavarnir. Þegar ákvörðun um virkjun hefur verið tekin eru viðbragðsaðilar boðaðir og upplýstir um háskastig (óvissustig, hættustig, neyðarstig). Sóttvarnalæknir skal upplýsa ráðherra um virkjun áætlunarinnar svo fljótt sem verða má. Almanna- og ríkislögreglustjóra og sóttvarnalæknir bera sameiginlega ábyrgð á boðun.

Afboðun

Sóttvarnalæknir ber ábyrgð á sóttvörnum og afléttir sóttvarnaráðstöfunum í samráði við almannavarnir og í samstarfi við umdæmis- og svæðislækna sóttvarna og svæða. Sóttvarnalæknir upplýsir ráðherra um afléttingu ráðstafana um leið og ákvörðun hefur verið tekin.